



Móttökuáætlun fyrir nemendur í 1. bekk

- Foreldrar koma og innrita nemandann í skólann eða með símtali við skólastjóra/stjórnendur.
- Boðað í móttökuviðtal (dagsetning og tími) og foreldrar upplýstir um hvaða gögn þau þurfa að koma með í viðtalið eða við hentugleika, varðandi skólagöngu, t.d. greiningarskjöl, einkunnir og heilsufarsupplýsingar s.s. ofnæmi o.fl.

Undirbúningur viðtals

- Umsjónarkennara tilkynnt um væntanlegan nemanda og hvenær móttökuviðtal fer fram.
- Umsjónarkennari tilkynnir öðrum kennurum sem kenna honum um komu hans.
- Móttökuviðtalið sitja foreldrar, nemandi, umsjónarkennari og skólastjórnandi. Hverju sinni þarf að meta hvort þörf sé að kalla til aðra aðila.
- Stjórnendur og/eða umsjónarkennari safnar saman þeim gögnum sem afhent verða í viðtalinu:
 - innritunareyðublað
 - stundaskrá/hópar
 - skóladagatal
 - upplýsingar um mötuneyti
 - skólanámskrá
 - upplýsingabækling um skólann
 - upplýsingar um stoðþjónustu skólans:
 - skólaþjónusta
 - félagsþjónusta
 - heilsugæsla
 - eyðublað sem samþykkir myndbirtingu á heimasíðu skólans
 - aðgang í Mentor
 - Dægradvöl
 - skólaakstur ef við á

Móttökuviðtal



Helstu þættir sem komið er inn á í viðtalinu:

1. Skólareglur og tilkynningar varðandi veikindi og leyfi.
2. Upplýsingar um skóladagatal, stundatöflu, umsjónarbekk, námsgögn og heimanám.
3. Upplýsingar um sund og íþróttatíma (fatnaður).
4. Upplýsingar um Mentor og heimasíðu skólans. Ræða mikilvægi þess að foreldrar fái upplýsingar frá skólanum.
5. Upplýsingar fengnar um áhugamál.
6. Upplýsingar um mötuneyti og morgunhressingu
7. Upplýsingar um stoðþjónustu skólans (sérkennsla, aðstoð við heimanám, skólahjúkrunarfræðingur).
8. Upplýsingar um skólaþjónustu (sálfræðingur, námsráðgjafi, kennsluráðgjafi).
9. Upplýsingar um íþrótt-, félags- og tómstundastarf á heimasíðu sveitarfélagsins
10. Frímínútur og útivist (klæðnaður sem hæfir veðri).
11. Skólaakstur ef við á.
12. Viðburðir skólans útskýrðir eftir því sem á við.
13. Foreldrar/forráðamenn fylla út eyðublað með öllum mikilvægum upplýsingum sem við koma barninu.
14. Að viðtali loknu er gengið um skólann og nemanda og foreldrum sýnt skólahúsnæðið, mötuneyti og íþróttahús.
15. Samþykki foreldra um myndbirtingar á heimasíðu skólans.
16. Aðlögun sett upp fyrir fyrstu daga skólans ef þarf. Foreldrar fylgi barni eftir fyrst í stað ef þörf er á eða eins lengi og þurfa þykir (Fylgiskjal).